

Múlaþing
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 23. júní 2023
UST202305-316/B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Smávirkjun við Gestreiðarstaðaháls - nr. 0030/2023. Umsögn

Vísað er til erindis Norðurlands dags. 25. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Fyrirhugað er að reisa smávirkjun í Langadalsá á Jökuldalsheiði. Um er að ræða 50-60 kW rennslisvirkjun sem mun leysa af hólmi dísil rafstöð við fjarskiptamastur. Hér er um litla virkjun að ræða en samt geta umhverfisáhrif orðið talsverð miðað við hverja orkueiningu. Varðandi þessa framkvæmd þarf að standa vel að allri jarðvinnu en þarna þarf að grafa niður aðrennslispípu, plægja niður jarðstreng. Auk þess þarf að flytja efni að inntaki og fallpípu þannig að það þarf nokkrar ferðir upp hlíðina. Í þessum aðgerðum felast helstu áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd. Til að sjónræn áhrif verði sem minnst ætti að reyna að leggja pípu þar sem gróður er minnstur því mólendi getur verið mjög viðkvæmt fyrir raski og akstri þungra vinnuvéla. Í ljósi þess hve lítil framkvæmdin er ætti að vera möguleiki á því að aðlaga legu fallpípu að landi sem annað hvort er gróðurlítið eða hefur þegar verið raskað. Á mynd 2 í greinargerð er merkt náma E73. Til að draga úr sjónrænum áhrifum ætti að skoða að leggja aðrennslispípuna í jaðar námunnar í stað þess að grafa í óraskað svæði utan námusvæðisins.

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun vísar í fyrri umsögn dags. 10. febrúar sl. á skipulagslýsingu framkvæmdarinnar (UST202301-180). Enn fremur vekur stofnunin athygli á eftirfarandi:

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl 2022 samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Eins og fram kemur í 1. gr. laganna er markmið þeirra að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Samkvæmt ákvæðum III. kafla laga um stjórn vatnamála er öllu vatni skipt niður í vatnshlot og gerðir vatnshlota og eru yfirborðsvatnshlot metin út frá skilgreindum líffræðilegum gæðapáttum auk vatnsformfræðilegra og efna- og eðlisefnafræðilegra þátta eftir því sem við á. Vernda skal og tryggja að ástand vatnshlotanna versni ekki.

Vatnshlotið, sem er innan framkvæmdasvæðisins, er straumvatnshlotið Kollseyra (102-1290-R). Framkvæmdaaðili þarf að leggja mat á það hvort framkvæmdirnar komi til með að valda hnignun á ástandi vatnshlotsins (eða mögulegri hnignun) og hvort framkvæmdin komi í veg fyrir að mjög gott vistfræðilegt ástand vatnshlotsins náist. Verði niðurstöður slíks mats að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist ekki getur Umhverfisstofnun skv. 18. gr. 1. um stjórn vatnamála heimilað breytingu á vatnshlotinu að uppfylltum skilyrðum 2. mgr.

Umhverfisstofnun bendir á að ef matið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun skv. 18 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála þarf framkvæmdaaðili að sækja um heimild til stofnunarinnar til breytingar vatnshlots en vatnsaflsvirkjanir falla undir slíkar breytingar á vatnshlotum.

Niðurstaða

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir.

Virðingarfyllst

Hlín Gísladóttir,
lögfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson,
teymisstjóri